

# Brunatrygging lausafjár

Skilmáli E-3

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## 1. kafli. Bótasvið

### 1. gr. Hvaða eignir eru váttryggðar? – hver er váttryggður ?

- 1.1 Váttryggt er það lausafé sem tiltekið er í váttryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun. Váttryggingin gildir á þeim stað sem tiltekinn er í váttryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2 Váttryggður er eigandi þeirra hagsmuna sem tilteknir eru í gr. 1.1.
2. gr. Váttryggingin bætir tjón á lausafé sem verður af völdum:
- 2.1 eldsvoða. Sviðnun eða bráðnun án þess að eldur verði laus er ekki eldsvoði i skilningi þessarar greinar. Ekki bætist tjón á rafmagnstækjum er orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfræðilegu fyrirbæri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða ;
- 2.2 eldingar, þótt ekki verði eldur laus. Ekki bætist þó tjón sem verður á rafmagnstækjum, rafmagnsleiðslum, símabúnaði eða símaleiðslum vegna eldingar, skammhlaups eða annarra rafmagnsfyrirbæra nema að eldur verði laus;
- 2.3 gassprengingar eða gufuketilssprengingar. Þó bætir félagið eigi þann hlut, vél eða ketil, sem sprengingin verður í. Ekki er heldur bæt tjón, sem er afleiðing vinnu við sprengingar;
- 2.3 sótfalls frá viðurkenndu kynditæki, þegar sótfallið verður skyndilega og af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Félagið bætir því ekki tjón af sóti eða reyk frá reykháfi eða eldstæði, sem orðið hefur smá saman við notkun. Hafi eldvarnareftirlitsmaður gert athugasemd við frágang eða ástand kyndingarinnar og eigi hefur verið úr bætt, er tjónsatburðurinn varð, missir tjónþoli rétt til bóta;
- 2.4 flugvélar sem hrapar eða hlutar sem fellur úr flugvél;
- 2.5 slökkviltirauna og flutninga til að forða tjóni. Félagið greiðir sanngjarnan kostnað við björgun og geymslu á hinum tryggðu munum og muni, er glatast við brunann.

### 3. gr. Óbeint tjón

Váttryggingin nær ekki til óbeins tjóns sem leiða kann af bótaskyldum atburði, svo sem rekstrartapi, töf á framleiðslu eða afhendingu á vörum.

### 4. gr. Nánari afmörkun á váttryggðum verðmætum

- 4.1 Bætur vegna peninga, verðbréfa og hvers kyns kröfuskjala takmarkast við 1% af váttryggingarfjárhæðinni nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
- 4.2 Váttrygging þessi nær ekki yfir frumteikningar, handrit né önnur sambærileg vinnuskjöl nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
- 4.3 Váttrygging þessi nær ekki yfir tölvuforrit, stafræn gögn á tölvudiskum eða hvers kyns upplýsingar á tölvukerfum nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
- 4.4 Váttrygging þessi nær ekki yfir hvers kyns vélknúin farartæki, báta, skip, flugvélar eða sambærilegt nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.

### 5. gr. Ákvörðun bóta

- 5.1 Tjónsbætur samkvæmt þessari váttryggingu miðast við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst. Miðað er við að fjárhags- eða eignastaða váttryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir.
- 5.2 Bætur fyrir unnar sem óunnar vörur miðast við innkaupsverð að viðbættum eðlilegum kostnaði. Töpuð framlegð bætist ekki.
- 5.3 Minjagildi muna eða hvers kyns persónulegt gildi þeirra bætist ekki.

## 2. kafli. Almenn skilyrði

### 1. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

### 2. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

- 2.1 Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 2.2 Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 2.3 **Varúðarregla: Váttryggðum ber að sjá um að umbúnaður á váttryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Váttryggðum ber að fara eftir**

**fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Mannvirkjastofnum og Neytendastofu.**

**3. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum**

Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.

**4.gr. Endurgreiðsla iðgjalds- eigandaskipti**

Verði eigandaskipti að hinu vátryggða fellur vátrygging þessi niður. Vátryggingin gildir þó í 14 daga fyrir hinn nýja eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra vátryggingu.

**5. gr. Réttur þriðja manns- Samsömum**

5.1 Vátrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á vátryggingarskírteini. Meðvátryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en hinn vátryggði.

5.2 Sé vátrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna vátryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

**Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019**